

STJÓRNARTÍÐINDI B 105 – 2000

6. október 2000

2065

Nr. 713

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er óheimilt að flytja inn óslægðan lax, sjóbirting og regnbogasilung frá Færeyjum til 1. apríl 2001.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. október 2000.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.

6. október 2000

Nr. 714

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Noregi.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er óheimilt að flytja inn óslægðan lax, sjóbirting og regnbogasilung frá Noregi til 1. apríl 2001, nema framvísað sé vottorði, sbr. viðauka við auglýsingu þessa.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 34/1999 um bann við innflutningi á óslægðum Atlantshafslaxi frá Noregi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. október 2000.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.

Gutenberg

VIÐAUKI
Heilbrigðisvottorð
 fyrir innflutning inn á Evrópska efnahagssvæðið
 á óslægðum laxfiski sem upprunninn er í Noregi.

Raðnúmer:

Lýsing á sendingu:

Eldisstöð (leyfisnúmer og nafn):

Vinnlustöð þar sem slátrun og þökkun fór fram (vinnslunúmer og nafn):

Heildarþyngd:

Fjöldi pakka:

Flutningstæki

Tegund og auðkenni flutningstækis:

Ákvörðunarstaður

Land:

Móttakandi (nafn og heimilisfang):

Staðfesting á heilnæmi

Ég undirritaður, ábyrgur opinber eftirlitsmaður, lýsi því hér með yfir að vörur í þessari sendingu koma frá eldisstöð og vinnslu sem er ekki á svæði þar sem sérstakar heilbrigðisreglur gilda vegna gruns um útbreiðslu á smitandi blóðleysi vegna veirusýkingar (ISA).

Staður: Dags:

Nafn opinberrar eftirlitsstofnunar:

Nafn opinbers eftirlitsmanns:

Undirskrift:

Stimpill opinberrar eftirlitsstofnunar:

AUGLÝSING

**um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins
 sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá.**

1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.